

	Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1.	10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	389.65
2.	24 × 1 lb. blokkfryst	406.15
3.	24 × 450 gr. sérfryst	406.15
4.	6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfr.	406.15
5.	4 × 2.5 kg. sérfryst	406.15
6.	2 × 5 kg. sérfryst	406.15
7.	4 × 7 kg. sérfryst	406.15
8.	1 × 25 lbs. sérfryst	406.15
9.	15 × 200 gr. sérfryst	412.75
10.	í saltlegi	389.65

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. október 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

15. október 1976.

Nr. 370.

G J A L D S K R Á

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingunni og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1.	Vogarlóð:		
	Þyngd 1—200 g	kr.	30.00
	Þyngd ½ kg—20 kg	—	70.00
	Þyngd 50 kg	—	300.00
	Þyngd 4—8 oz	—	30.00
	Þyngd 1 lb.—13½ lb.	—	60.00
2.	Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:		
	Burðarþol: Allar stærðir	kr.	1 300.00
3.	Jafnarma vogir:		
	Burðarþol: Allar stærðir	kr.	600.00
4.	Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:		
	Burðarþol 10— 100 kg	kr.	700.00
	Burðarþol 150— 500 kg	—	900.00
	Burðarþol 600— 2 000 kg	—	1 600.00
	Burðarþol 3 000—30 000 kg	—	6 000.00
5.	Vísavogir: Rafmagnsvogir (talnavogir):		
	Burðarþol 1— 5 kg	kr.	700.00
	Burðarþol 10— 25 kg	—	1 000.00
	Burðarþol 50— 200 kg	—	1 200.00
	Burðarþol 300— 5 000 kg	—	2 500.00
	Burðarþol 10 000—30 000 kg	—	6 500.00
	Burðarþol yfir 30 000 kg	—	10 500.00

6. Kvarðar og málbönd:

Lengd ½ m—1 m	kr.	200.00
Lengd Stálmálbönd allt að 50 m	—	600.00
Lengd Mælivélar fyrir lengdarmál	—	800.00

7. Mæliker:

Rúmtak 1 dl—2 l	kr.	100.00
Rúmtak 10—50 l	—	150.00
Rúmtak Vínælar (veltimælar og kulumælar) 3—6 cl ..	—	800.00

8. Rennslismælar fyrir olíur og bensín og bensínsölumælar:

Rennslismælar	kr.	900.00
Bensínsölumælar	—	600.00

9. Rennslismælar fyrir mjólk:

kr. 900.00

2. gr.

Vottorðagjald	kr.	400.00
---------------------	-----	--------

3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar samkvæmt taxa hennar yfir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds ferðakostnaður, iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi frá 1. nóvember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 77 23. september 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. október 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ**um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.****1. gr.**

Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, skammstafað D. A. S., er heimilt að reka happdrætti um bifreiðir, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks, 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Hinn 31. maí ár hvert skal happdrættið greiða í byggingarsjóð aldraðs fólks sem svarar helmingi nettó hagnaðar happdrættisins árið á undan, en endanlegt uppgjör fari fram ekki síðar en 30. nóvember ár hvert.